

Samantekt

A. Inngangur og varnarorð

Samantekt þessi skal lesin sem inngangur að lýsingu Hampiðjunnar hf. (“Útgefandi”), sem samanstendur af samantekt og lýsingu dagsettum 24. maí 2023 (“Lýsingin”). Ákvörðun fjárfesta um fjárfestingu í verðbréfunum ætti að byggja á grundvelli Lýsingarinnar í heild sinni. Fjárfestum er bent á að þeir gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni í verðbréfunum. Ef borin er fram krafa fyrir dómstóla sem varðar upplýsingar í Lýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað á þýðingu á Lýsingunni áður en málarekstur hefst. Einkaréttarábyrgð fellur aðeins á þá aðila sem hafa sett fram samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, en eingöngu ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta Lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum Lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í hlutabréfum útgefnum af útgefanda.

Lögformlegt heiti	Hampiðjan hf., kt. 590169-3079
Aðsetur	Skarfagarðar 4, 104 Reykjavík, Ísland
ISIN	IS0000000305
LEI	25490002T5TRM5T6US82
Auðkenni	HAMP
Vefsíða	www.hampidjan.is
Sími	+354 530 3300
Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Ísland. Tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is
Dagsetning lýsingar	Lýsingin var staðfest 24. maí 2023.

B. Lykilupplýsingar um útgefandann

Hver er útgefandi verðbréfanna?

Útgefandi verðbréfanna er Hampiðjan hf., kt. 590169-3079, LEI 25490002T5TRM5T6US82, með aðsetur að Skarfagörðum 4, 104 Reykjavík, Íslandi. Útgefandi er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Útgefandi er leiðandi á heimsvísu í framleiðslu, þróun og þjónustu við veiðarfæri, fiskeldi og útsjávariðnað. Í samstæðu útgefanda eru 51 dótturfélög með starfsstöðvar á 76 staðsetningum á 21 landssvæði. Viðskiptalíkan Útgefanda er einstakt þar sem hann nær að grípa óvenju stóran hluta framlegðar í virðisdeðjum sínum, þar sem framleiðsla Útgefanda hefst á grunnhráefnum, svo sem plastkornum í framleiðslueiningunni Hampidjan Baltic og endar í hátækniveiðarfærum ásamt vörum fyrir fiskeldi og útsjávarverkefni.

Framkvæmdastjórn Útgefanda samanstendur af eftirfarandi einstaklingum við dagsetningu Lýsingarinnar: Hjörtur Valdemar Erlendsson, Forstjóri og Emil Viðar Eypórsson, Fjármálastjóri.

Alls eiga þrír hluthafar meira en 5% af hlutafé útgefanda. Hvalur hf. er tengdur aðili við Kristján Loftsson, stjórnarmann Útgefanda. Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila annarra þeirra en fjallað er um í töflunni að neðan, eða að þeir áður nefndu aðilar séu undir yfirráðum annarra aðila en fjallað er um í kafla þessum. Útgefanda er jafnframt ekki kunnugt um að til staðar séu samkomulög sem gætu leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu. Eftirfarandi hluthafar eiga meira en 5% af hlutafé Útgefanda á dagsetningu Lýsingarinnar:

Hluthafi	Fjöldi hluta	%
Hvalur hf.	228.684.667	41.50%
FSN Capital V LP	43.801.761	7.95%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	43.452.393	7.89%

Other hluthafar (minni en 5%)	235,042,228	42.70%
Heildarhlutafé	550,981,049	100.00%

Endurskoðandi Útgefanda fyrir tímabil fjárhagsupplýsinga í Lýsingunni fyrir 2022 var PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, Íslandi. Kristinn Freyr Kristinsson, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í félagi löggiltra endurskoðenda, annaðist endurskoðun reikninga Útgefanda.

Helstu fjárhagsupplýsingar um Útgefanda

Rekstrarreikningur samstæðu

<i>Púsundir evra</i>	2022
Heildartekjur	193.759
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	28.726
Hagnaður eftir skatta	12.915
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent á hlut)	2,93

Efnahagsreikningur samstæðu

<i>Púsundir evra</i>	2022
Heildareignir	295.468
Eigið fé	149.507
Skuldir samtals	145.961

Sjóðstreymi

<i>Púsundir evra</i>	2022
Handbært fé við lok tímabils	12.503

Útgefandi staðfestir að engar mikilvægar breytingar hafi orðið á birgðum eða söluverðum frá 31. desember 2022. Í febrúar 2023 lauk Útgefandi við kaup á Mørenot og eignaðist öll hlutabréf þess síðarnefnda. Í kaupunum felst efnislegur samningur fyrir Útgefanda. Vegna þessa hafa orðið verulegar breytingar á fjárhagsstöðu og rekstri Útgefanda á tímabilinu 31. desember 2022 og fram að staðfestingu Lýsingarinnar vegna samrunans, en upplýsingar þess efnis má sjá í töflu að neðan sem inniheldur Pro forma upplýsingar fyrir samstæðu Útgefanda og Mørenot. Að undanskildum áhrifum kaupanna á Mørenot hafa ekki orðið aðrar verulegar breytingar á fjárhagsstöðu eða rekstri útgefanda á tímabilinu 31. Desember 2022 og fram að staðfestingu Lýsingarinnar.

Pro forma rekstrarreikningur - Samstæðureikningur 2022

<i>Púsundir evra</i>	Endur- skoðaður ársreikn. Hampiðjan hf.	Áhrif af kaupum á Mørenot	Pro Forma IFRS ársreikn. Mørenot	Aðlögun samst.	Pro Forma ársreikn. Hampiðjan hf.
Sala	193.759	0	139.624	(399)	332.984
Beinn framleiðslukostnaður	(138.408)	0	(107.627)	399	(245.636)
Framlegð	55.351	0	31.997		87.348
Rekstrarkostnaður	(34.287)	0	(32.431)		(66.718)
Rekstrarhagnaður	21.064	0	(434)		20.630
Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld	(3.692)	0	(3.509)		(7.201)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi	131	0	0		131

	(3.561)	0	(3.509)	(7.070)
Hagnaður fyrir skatta	17.503	0	(3.943)	13.560
Tekjuskattur	(3.178)	0	372	(2.806)
Hagnaður ársins	14.325	0	(3.571)	10.754
Skipting hagnaðar:				
Hluti hluthafa móðurfélagsins	12.622	0	(3.571)	9.051
Hluti minnihluta í afkomu dótturf.	1.703	0	0	1.703
	14.325	0	(3.571)	10.754
EBITDA	28.726		10.234	38.960

Pro forma efnahagsreikningur – Efnahagsreikningur samstæðu 31. desember 2022

<i>Púsundir evra</i>	Endur- skoðaður ársreikn. Hampiðjan hf.	Áhrif af kaupum á Mørenot	Pro Forma IFRS ársreikn. Mørenot	Aðlögun samst.	Pro Forma ársreikn. Hampiðjan hf.
Eignir					
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir	95.472		48.645		144.117
Leigueignir	12.700		11.970		24.670
Viðskiptavild	44.897		18.320	634	63.851
Aðrar óefnislegar eignir	1.857		12.125		13.982
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	1.235		0		1.235
Fjárfestingareignir	2.637		56		2.693
Skuldabréf og langtímakröfur	86		1.495		1.581
Skattineign			1.212		1.212
Kaup á Mørenot		46.673		(46.673)	0
	158.884	46.673	93.823	(46.039)	253.341
Veltufjármunir					
Birgðir	90.160		46.080		136.240
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	33.921		21.626	(14)	55.533
Handbært fé	12.503	(1.513)	7.127		18.117
	136.584	(1.513)	74.833	(14)	209.890
Eignir samtals	295.468	45.160	168.656	(46.053)	463.231
Eigið fé					
Hlutfé	5.498	335	66.450	(66.450)	5.833
Yfirverðsreikningur hlutfjár	957	44.825	0		45.782
Aðrir varasjóðir	(1.306)		0		(1.306)
Matsbreyting fjárfestingareigna	2.244		0		2.244
Annað bundið eigið fé	54.066		0		54.066
Óráðstafað eigið fé	73.880		(20.411)	20.411	73.880
	135.339	45.160	46.039	(46.039)	180.499
Hlutdeild minnihluta	14.168		98	0	14.266

Eigið fé samtals	149.507	45.160	46.137	(46.039)	194.765
Skuldir					
Langtímaskuldir					
Langtímaskuldir	83.738		46.170	0	129.908
Tekjuskattsskuldbinding	5.670		3.439		9.109
	89.408	0	49.609	0	139.017
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	26.151		39.744	(14)	65.881
Ógreiddir skattar	3.317		103		3.420
Skuldir við lánastofnanir	27.085		33.063		60.148
	56.553	0	72.910	(14)	129.449
Skuldir samtals	145.961	0	122.519	84	268.466
Eigið fé og skuldir samtals	295.468	45.160	168.656	(46.053)	463.231

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Rekstraráhætta

- Útgefandi starfar á mörkuðum þar sem veruleg samkeppni er til staðar. Takist Útgefanda ekki að þróa og afhenda hágæða, nýstárlegar og virðisaukandi lausnir gæti það haft veruleg neikvæð áhrif á starfsemi, rekstrarniðurstöðu eða fjárhagsstöðu Útgefanda.
- Þjónusta við skip sem koma frá ríkjum sem sæta efnahagslegum refsiaðgerðum alþjóðastofnana standa að baki verulegum hluta tekna Útgefanda. Röskun á þjónustu Útgefanda við þessa aðila gæti haft veruleg neikvæð áhrif á tekjur og arðsemi Útgefanda. Þar að auki getur slík þjónusta haft neikvæð áhrif á orðspor Útgefanda.
- Útgefandi hefur í fortíðinni og stefnir áfram að því að kaupa rekstrareiningar sem ætlað er að auka vöxt Útgefanda. Takist Útgefanda ekki að kaupa hentugar rekstrareiningar eða misbrestur verður í samþættingu keyþra rekstrareininga getur slíkt haft neikvæð áhrif á framtíðarvöxt og arðsemi Útgefanda.
- Árangur og vöxtur Útgefanda veltur á getu hans til að laða að sér hæft starfsfólk ásamt því að tryggja áframhaldandi veru lykilstjórnenda í yfirstjórn Útgefanda.
- Skortur á aðgengi eða hagfelldu verði á nauðsynlegum framleiðsluþáttum, svo sem hráefnum, vinnuafli og rafmagni gæti haft veruleg neikvæð áhrif á tekjur, arðsemi og orðspor Útgefanda.
- Útgefandi getur beint eða óbeint orðið ábyrgur fyrir neikvæðum umhverfisáhrifum, svo sem vegna yfirgefinna veiðarfæra, rofi á fiskeldiskvíum eða efnamengun.
- Stór hluti tekna Útgefanda stafa frá þjónustu við sjávarútveg og fiskeldi, sem eru gjarnan háð verulegu pólitísku og lagalegu eftirliti.

Lagaleg áhætta

- Ef Útgefandi er ófær um að þróa, varðveita eða vernda hugverkæignir sínar, eða ef Útgefandi brýtur eignarrétt þriðja aðila á slíkum réttindum, getur það haft neikvæð áhrif á starfsemi Útgefanda.

Fjárhagsleg áhætta

- Geta Útgefanda til að afla sér fjármögnunar getur haft áhrif á greiðsluhæfi Útgefanda og neikvæð áhrif á getu hans til að mæta greiðslum vegna lánaskuldbindinga eða getu til að halda áfram núverandi starfsemi. Jafnvel þó Útgefandi geti aflað sér fjármögnunar er ekki tryggt að hún sé á

hagstæðum kjörum fyrir Útgefanda og getur hún þar af leiðandi haft veruleg neikvæð áhrif á arðsemi Útgefanda. Skortur á fánlegri fjármögnun á hagstæðum kjörum getur einnig haft áhrif á getu Útgefanda til að nýta fjárfestingartækifæri sem eru til staðar.

- Í lánasamningum Útgefanda eru ýmsir fjárhagslegir skilmálar er varða starfsemi Útgefanda. Skilmálarnir varða m.a. kröfur um eiginfjárhluftfall, vaxtaþekju og önnur atriði. Brot á fjárhagslegum skilmálum geta leitt til gjaldfellingar samkvæmt lánasamningum og komi til þess gæti Útgefandi þurft að endurgreiða lán samstundis eða beita öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum í samstarfi við lánveitanda.
- Á efnahagsreikningi Útgefanda er mikil viðskiptavild í tengslum við fyrri yfirtökur. Viðskiptavild tákna efnahagslegan framtíðarávinning sem myndast af eignum sem keyptar eru í samrunum og yfirtökum og er háð árlegum virðisrýrnunarprófum, sem gæti leitt til þess að Útgefandi þyrfti að afskrifa viðskiptavild sína í hluta eða heild. 10% virðisrýrnun viðskiptavildar í árslok 2022 myndi leiða til 6,4 milljón evra gjaldfærslu á rekstrarreikningi Útgefanda samkvæmt pro forma uppgjöri Hampiðjunnar og Mørenot.

C. Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu eiginleikar verðbréfanna

Almennar upplýsingar	Hlutabréf í Hampiðjuni hf., kt. 590169-3079. Hlutabréfin eru í einum flokki og eru jöfn að öllu leyti, skv. samþykktum Útgefanda. Hlutabréfin eru gefin út í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og eru rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna. Hlutabréf útgefanda eru rafrænt skráð með auðkenni HAMP og ISIN númer IS0000000305. Hlutabréf Útgefanda eru rafrænt skráð sem nafnbref með nafni og kennitölu viðeigandi hluthafa eða tilnefnds aðila í samræmi við 42. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerna.
Gjaldmiðill	Íslenskar krónur
Nafnvirði hlutabréfanna	Hlutafé Útgefanda er ISK 550.981.049 að nafnvirði, sem skiptist í jafnmarga hluti, hver að nafnvirði 1 króna.
Réttindi	Hver hlutur í Útgefanda veitir eiganda þess eitt atkvæði á hluthafafundi, þar sem hverjum hluthafa er heimilt að greiða atkvæði í jöfnum hlutföllum við hlutafjáreign hans í Útgefanda. Engin sérréttindi fylgja hlutum í Útgefanda. Réttindi hluthafa eru í samræmi við samþykktir Útgefanda sem má aðeins breyta í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma.
Réttthæð hlutabréfanna	Komi til slita eða skipta Útgefanda verður hluthöfum greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína það sem eftir stendur af eignum Útgefanda, eftir að allir aðrir kröfuhafar Útgefanda hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar. Engin breytiréttindi fylgja hlutabréfunum.
Frjálst framsal hlutabréfanna	Engar hömlur eru lagðar á framsal hluta í útgefanda annað en sem leiðir af lögum, m.a. lögum 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna, eða tengdra reglna.
Arðgreiðslustefna	Stjórn Útgefanda hefur innleitt arðgreiðslustefnu þar sem stefnt er að því að greiða 30-40% af hagnaði hvers árs sem arðgreiðslu til hluthafa. Arðgreiðslur geta tekið mið af lausafjárþörf útgefanda, fjárhagslegum skilmálum og öðrum samningum sem gætu takmarkað arðgreiðslur til hluthafa á hverjum tíma.

Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Hlutabréf Útgefanda verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Í kjölfar staðfestingar Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á Lýsingunni mun stjórn Útgefanda óska eftir því að allir útgefni hlutir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., sem er skipulegur verðbréfamarkaður.

Eru verðbréfin með ábyrgð?

Verðbréfin eru ekki með ábyrgð.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

- Hlutabréf eru almennt talin áhættumeiri en ýmsir aðrir fjármálagerningar, m.a. skuldabréf, þar sem ef til slita eða skipta kemur í hlutafélagi eru hluthafar aftastir í kröfuröð og fá aðeins greitt eftir að gildar kröfur annarra kröfuhafa hafa verið greiddar. Hlutabréfaverð getur jafnframt sveiflast meira en virði skuldabréfa og virði þeirra er háð stöðugum breytingum.
- Eignarhald Útgefanda er samþjappað og fer Hvalur hf. með yfirráð yfir Útgefanda eins og það er skilgreint í lögum nr. 108/2007 um yfirtökur. Hvalur hf. mun áfram hafa getu til að hafa veruleg áhrif á niðurstöðu ýmissa mála sem lögð eru fram til meðferðar á Aðalfundi, þar á meðal stjórnarkjör.
- Seljanleiki hlutabréfanna er háður breytingum á markaðstaðstæðum, markaðsviðhorfum, væntum eða raunverulegum rekstrarniðurstöðum Útgefanda, áhuga fjárfesta ásamt öðrum atriðum.
- Þrátt fyrir að viðskipti með hlutabréf Útgefanda fari fram í íslenskum krónum er rekstrargjaldmiðill hans evrur. Sveiflur í gengi íslenskra krónu og evru getur því haft áhrif á verð hlutabréfa Útgefanda til hækkunar eða lækkunar.

D. Lykilupplýsingar um almennt útboð og töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

85.000.000 nýir hlutir í Útgefanda verða boðnir til sölu, sem samsvarar 13,37% af heildarhlutafé Útgefanda eftir hlutafjárhækkun þess efnis. Hlutirnir verða seldir í almennu útboði til almennra fjárfesta og fagfjárfesta í samræmi við Lýsingarreglugerðina. Útboðið er ekki sölutryggt. Fjárfestar geta valið um tvær áskriftarbækur sem eru ólíkar að verði, stærð og úthlutun.

Áskriftarbók A: 17.000.000 nýir hlutir eru boðnir til sölu á föstu gengi sem nemur 120 kr. á hlut. Hámarksstærð áskrifta í Áskriftarbók A er 20.000.000 að kaupvirði fyrir hvern fjárfesti. Lágmarksstærð áskrifta er 100.000 kr. að kaupvirði.

Áskriftarbók B: 68.000.000 nýir hlutir eru boðnir til sölu á lágmarksgengi sem nemur 120 kr. á hlut, þar sem fjárfestir skilgreininir hámarksgengi sitt. Lágmarksstærð áskrifta í Áskriftarbók B er yfir 20.000.000 kr. að kaupvirði fyrir hvern fjárfesti, en engin hámarksstærð áskrifta er skilgreind önnur en heildarstærð útboðsins. Allir hlutir í Áskriftarbók B verða seldir á sama verði sem ákvarðast af hollensku tilboðsfyrirkomulagi.

Áskriftir í Áskriftarbók A má skerða hlutfallslega, takmarka við hámarksfjölda hluta og/eða lækka eða hafna á hvern þann veg sem Útgefanda hugnast. Þó verður leitast við að skerða ekki áskriftir almennra fjárfesta undir 500.000 kr. og að skerða ekki áskriftir stafsmanna Útgefanda að neinu leyti. Áskriftir í Áskriftarbók B má skerða hlutfallslega, takmarka við hámarksfjölda hluta og/eða lækka eða hafna á hvern þann veg sem Útgefanda hugnast. Úthlutun í Áskriftarbók B grundvallast á verði, en auk þess verður horft til þess að styðja við önnur langtímasjónarmið Útgefanda er snúa sem dæmi að dreifðu eignarhaldi og heilbrigðum viðskiptum á eftirmarkaði. Útgefandi áskilur sér rétt til að skerða áskriftir eða hafna þeim alfarið. Í því felst jafnframt að Útgefandi þarf ekki að gefa upp hvernig skerðing eða höfnun

áskrifta hafi verið ákvörðuð og fjárfestum verður ekki gefið tækifæri til að mótmæla ákvörðuninni. Útgefandi áskilur sér jafnframt rétt til að breyta hlutföllum úthlutunar í Áskriftarbók A og Áskriftarbók B.

Gert er ráð fyrir að áskriftartímabilið hefjist kl. 10:00 GMT þann 25. maí 2023 og ljúki kl. 14:00 GMT þann 2. júní 2023. Áskriftartímabilið er háð hvers kyns flýtingu, lengingu eða frestun á tímaáætlun. Útgefandi áskilur sér rétt til að flýta, lengja eða fresta áskriftartímabilinu. Ekki verður tekið við áskriftum eftir lok áskriftartímabilsins. Komi til þess að áskriftartímabil verði lengt eða því frestað verður viðauki við Lýsingu Útgefanda birtur eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar á www.hampidjan.is eigi síðar en 5. júní 2023.

Útboðinu er aðeins beint að fjárfestum á Íslandi. Lögaðilar með íslenska kennitölu geta tekið þátt í útboðinu ásamt einstaklingum sem náð hafa lögaldri eins og hann er skilgreindur í Lögræðislögum nr. 71/1997 sem hafa íslenska kennitölu, þó með fyrirvara um takmarkanir sem geta leitt af lögum og reglum. Takmarkanir þessar geta m.a. átt við um gjaldþrota aðila sem standa í gjaldþrotaskiptum í áskriftartímabilinu, en slíkir aðilar mega ekki taka þátt í útboðinu. Aðilar sem eru ekki fjárráða mega ekki taka þátt í útboðinu.

Áskriftir skal skrá rafrænt á þar til gerðum tilboðsvef á vefsíðu Arion banka: www.arionbanki.is/hampidjan. Ekki verður tekið við áskriftum á öðru formi. Áskriftarvefurinn verður bæði á Íslensku og Ensku.

Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Lýsing þessi er gerð í tengslum við almennt útboð á hlutum í Útgefanda og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Útgefandi ber allan kostnað af almenna útboðinu og töku hlutanna til viðskipta. Útboðið er ekki sölutryggt. Sé miðað við að allt útboðið sé selt á lágmarksgengi er nettó ágóði útboðsins um 10.020 m.kr. Gert er ráð fyrir að ráðstöfun andvirðis útboðsins verði eftirfarandi:

Ráðstöfun andvirðis

Nettó ágóði útboðs	10,0 ma.kr.
Endurgreiðsla hluta skulda Mørenot	- 6,0 ma.kr.
Fjárfesting til að ná fram samlegð	- 4,0 ma.kr.

Arion banki hf. hefur umsjón með sölu hlutabréfanna í almenna útboðinu, töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og gerð Lýsingar og fær greidda þóknun fyrir vinnu sína. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér hugsanlega hagsmunaárekstra Arion banka hf. við Útgefanda.